

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um atvinnuréttindi útlendinga nr. 272 18. apríl 1983.

1. gr.

6. mgr. 3. gr. orðist svo:

Þegar einum eða fleiri útlendingum er heimiluð landvist hér á landi samkvæmt ákvörðun íslenskra stjórnvalda og um er að ræða aðila, sem falla undir samning um réttarstöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951 með breytingum frá 31. janúar 1967, skal vikið frá ákvæðum þessarar greinar hvað lengd atvinnuleyfis eða önnur skilyrði snertir til samræmis við ákvæði 17. gr. samningsins.

2. gr.

3. og 4. mgr. 7. gr. orðist svo:

Atvinnuleyfi samkvæmt þessari grein eru bundin við ákveðna starfsgrein og ákveðinn tíma, og skulu slík leyfi eigi veitt til lengri tíma en 2ja ára í senn. Eftir 5 ára samfellda búsetu má þó veita slíkt atvinnuleyfi til ótiltekins tíma.

Þegar einum eða fleiri útlendingum er heimiluð landvist hér á landi samkvæmt ákvörðun íslenskra stjórnvalda og um er að ræða aðila sem falla undir samning um réttarstöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951 með breytingum frá 31. janúar 1967, skal vikið frá ákvæðum þessarar greinar hvað lengd atvinnuleyfis og önnur skilyrði snertir til samræmis við 18. gr. samningsins.

3. gr.

7. tl. 9. gr. orðist svo:

Danska, finnska, norska og sænska ríkisborgara, er dvalið hafa 3 ár samfleytt eða lengur í landinu eða taka sér bólfestu hér á landi samkvæmt samningi um sameiginlegan norrænan vinnumarkað frá 6. mars 1982.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 14. gr. laga nr. 26/1982 um atvinnuréttindi útlendinga og tekur gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 27. maí 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Óskar Hallgrímsson.

REGLUGERÐ

fyrir Sjúkraliðaskóla Íslands og um réttindi og skyldur sjúkraliða.

I. KAFLI

Markmið og stjórn skólans.

1. gr.

Sjúkraliðaskóli Íslands er ríkisskóli og starfar undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.